

AUGLÝSING


um friðlýsingu silfurbergsnámu að Helgustöðum, Suður-Múlasýslu.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa sem náttúruvætti silfurbergsnámuna að Helgustöðum í Helgustaðahreppi í Suður-Múlasýslu ásamt nánast umhverfi.

Mörk náttúruvættisins mynda ferhyrning eftir línun sem hugsast dregnar um vörður sem hlaðnar eru yfir föstum merkjum á staðnum og nær svæðið frá þjóðvegi og skammt upp fyrir námuna.

Um svæðið gilda þessar reglur:

1. Aðeins gangandi fólki er þar heimil för í lögmætum tilgangi.



2. Hvergi má raska þar bergmyndunum og stranglega er bannað að hrófla við silfurbergi og flytja það út af svæðinu.
3. Hvers kyns jarðrask er bannað nema sérstakt leyfi Náttúruverndarráðs komi til.

Náttúruverndarráð getur falið ábúanda á Helgustöðum eða öðrum eftirlit með náttúruvættinu.

Heimilt er Náttúruverndarráði að leyfa Náttúrufræðistofnun Íslands eða öðrum opinberum söfnum takmarkaða töku silfurbergssýna í námunni undir eftirliti.

Um viðurlög við brotum á ákvæðum þessum fer að náttúruverndarlögum.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 1. desember 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 526.

REIKNINGUR

Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Rekstrarreikningur 1973.

Gjöld :

Laun og launatengd gjöld	kr.	4 450 679.00
Ýmis rekstrargjöld	—	897 523.00
Gjaldfallinn stofnkostnaður	—	137 695.00
Sjóðsmismunur	—	8 154.00
	Kr.	5 494 051.00

Tekjur :

Endurgr. innheimtukostnaður	kr.	127 417.00
Innheimtupóknun sveitarfélaga	—	830 917.00
Vaxtatekjur	—	905 546.00
	kr.	1 863 880.00
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	—	3 630 171.00
	Kr.	5 494 051.00

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1973.

Eignir :

Óinnheimtar kröfur	kr.	342 580 589.00
Jöfnunarsjóður vegna skrifstofukostnaðar	—	3 630 171.00
Bankareikningur	—	917 367.00
Sjóður	—	366 877.00
	Kr.	347 495 004.00